



Alþýðusamband Íslands

Samráðsgátt stjórnvalda
Félags- og húsnæðisráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

M202507-0292
Reykjavík, 11. ágúst 2025

Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) um áform um frumvarp til laga um málefni innflytjenda

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hyggst leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um málefni innflytjenda.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sem fela í sér að framfærsluaðstoð til erlendra ríkisborgara verði þrengdverulega. Í stað þessa að sveitarfélög greiði slíka aðstoð með endurgreiðslu úr ríkissjóði, verði það nú hlutverk Vinnumálastofnunar að greiða hana beint og einungis til þeirra sem hafa fengið alþjóðlega vernd, og jafnframt dvalið hér skemur en tvö ár, sem og til fórnarlamba eða mögulegra fórnarlamba mansals.

Réttur til aðstoðar mun þar með ekki lengur ná til ríkisborgara EES/EFTA-ríkja né annarra innflytjenda, jafnvel þótt þeir séu í brýnni neyð. Auk þess er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti skilyrt greiðslur við þátttöku í aðlögunaráætlun sem felur í sér íslenskunám, samfélagsfræðslu og vinnumarkaðsþjálfun.

Alvarlegar afleiðingar fyrir fjölbreyttan hóp

ASÍ lýsir miklum áhyggjum af þeim takmörkunum sem lagðar eru til. Reynsla ASÍ sýnir að innflytjendur sem ekki falla undir skilgreinda hópa geta lent í alvarlegri neyð, t.d. vegna blekkinga og misneytingar á vinnumarkaði, ótryggs húsnæðis, veikinda eða annarra aðstæðna sem gera það ómögulegt að framfleyta sér án tímabundins stuðnings.

Slík atvik eru vel þekkt í greinum eins og ferðaþjónustu og mannvirkjagerð, þar sem innflytjendur eru oft í meirihluta. Með fyrirhuguðum lagabreytingum er hætt við að margir einstaklingar í raunverulegri þörf fyrir aðstoð verði útilokaðir frá henni.

ASÍ telur nauðsynlegt að innleiða heimildarákvæði í frumvarpið sem gerir stjórnvöldum kleift að veita aðstoð í undantekningartilvikum, óháð ríkisfangi eða formlegri stöðu samkvæmt útlendingalögum. Slík ákvæði myndu tryggja sveigjanleika og mannúð í framkvæmd og gera mögulegt að bregðast við þegar bersýnilega ósanngjarnt væri að veita ekki aðstoð.

Of hár þröskuldur útilokar þá sem standa höllum fæti

ASÍ telur það jákvætt að fórnarlömb mansals falli undir vernd frumvarpsins, en gagnrýnir að skilyrðin séu svo þröng að aðrir einstaklingar í sambærilegri félagslegri stöðu séu útilokaðir. ASÍ og stéttarfélögin sjá of mörg dæmi þess að einstaklingar lendi í aðstæðum þar sem þeir hafa enga aðra kostien að leita aðstoðar hins opinbera, og of algengt er að fólk verði fyrir misnotkun eða blekkingum vegna skorts á þekkingu, tengslaneti og tungumálakunnáttu. Slík misneyting uppfyllir ekki alltaf skilyrði mansals en getur þrátt fyrir það haft sambærilegar afleiðingar hvað varðar fjárhagslega og félagslega stöðu. Verkalýðshreyfingin hefur séð mörg slík dæmi síðustu ár. Að útiloka þessa einstaklinga getur skapað ójafnræði og félagslega einangrun. Því er nauðsynlegt að veita svigrúm til einstaklingsbundins mats og sveigjanlegrar þjónustu.



Alþýðusamband Íslands

Tilfærsla til Vinnumálastofnunar án tryggingar fyrir gæðum og aðgengi

ASÍ lýsir einnig áhyggjum af því að Vinnumálastofnun taki við verkefnum á sviði félagsþjónustu. Hætt er við að sú þjónusta verði ekki jafn fagleg og einstaklingsmiðuð og sveitarfélög hafa sinnt hingað til. Sveitarfélög búa yfir víðtækri reynslu, þekkingu og nærveru í samfélaginu og hafa veitt mikilvæga þjónustu sem byggir á trausti og tengslum.

Ef þessi þjónusta er færð yfir til ríkisstofnunar án tryggingar fyrir nægu fjármagni, stöðugildum og fagþekkingu á sviðum eins og menningarnæmi, áfallamiðaðri þjónustu og raunhæfum námsaðferðum, getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem þjónustunnar þurfa að njóta.

ASÍ bendir einnig á að margir í þessum hópi hafa flóknar og umfangsmiklar þjónustuparfir og eru ekki í stakk búnir til að fylgja stífri virkniaætlun án sveigjanleika og stuðnings. ASÍ varar við því að útvista þáttum í aðlögunaráætlun til einkafyrirtækja. Yfirleitt er þar keypt ódýrasta þjónustan án þess að gætt sé vandlega að gæðunum og fagþekking oft og tíðum ekki tryggð.

Fyrir hönd Alþýðusambands Íslands

Guðrún Margrét Guðmundsdóttir

Kristjana Fenger